

Hanna litla

STÆRÐIR	2	(4	6	8	10	12)	ára
Yfirvídd:	58	(63	68	70	73	75)	cm
Lengd á bol að handvegi:	22	(25	27	30	33	36)	cm

EFNI

Plötulopi – 100 gr plötur

A – 1425 bleikur	1	(1	1	2	2	2)
B – 0001 hvítur	1	(1	1	1	1	1)

Einband – 50 gr dokkur

A – 1769 rauðbleikur	1	(1	2	2	2	2)
B – 0851 hvítur	1	(1	1	1	1	1)

Hringprjónn nr 4½, 60 cm

PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 18 L og 24 umf slétt prjón með einum þræði af plötulopa og einum þræði af einbandi saman á prjóna nr 4½. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Bolur er prjónaður í hring. Við handveg er fellt af í hvorri hlið og fitjaðar upp lykkjur fyrir ermum og axlastykki prjónað í hring. Umferð byrjar í vinstri hlið á bol og á axlastykki byrjar umferð á mótum bols og ermar vinstra megin á baki.

VESTI

Fitjið upp 92 (100, 108, 112, 116, 120) L með lit A á hringprjón nr 4½. Tengjið í hring og prj með lit:

A – 3 (3, 3, 4, 4, 4) umf br,

B – 4 (5, 5, 5, 6, 6) umf sl,

A – 1 umf sl, 2 (2, 3, 3, 3, 3) umf br,

B – 3 (4, 5, 5, 6, 6) umf sl og

A – 1 umf sl, 2 (2, 2, 3, 3, 3) umf br, 1 umf sl.

Prjónið nú stroffmunstur *2 L sl, 2 L br*, þar til bolur mælist 22 (25, 27, 30, 33, 36) cm frá uppfitjun eða þar til hann er hæfilega langur.

Næsta umf: Fellið af 7 (7, 8, 8, 9, 9) L, prjónið 39 (43, 46, 48, 49, 51) L (fram), fellið af næstu 7 (7, 8, 8, 9, 9) L og prjónið síðustu 39 (43, 46, 48, 49, 51) L (bak).


Næsta umf (ermar): Fitjið upp 29 (29, 30, 32, 35, 37) L (vinstri ermi), prjónið slétt yfir framstykki, fitjið upp 29 (29, 30, 32, 35, 37) L (hægri ermi) og prjónið að lokum yfir bakstykki => 136 (144, 152, 160, 168, 176) L. Prjónið 3 (3, 3, 4, 4, 4) umf br og síðan munstur samkvæmt teikningu. Að loknu munstri eru 51 (54, 57, 60, 63, 66) L eftir. Prjónið 8 (8, 10, 10, 12, 12) umf slétt og fellið laust af.

FRÁGANGUR





Gangið frá endum. Þvoið vestið í höndum og leggið til þerris. Látið kant í háls máli rúllast niður.

Hönnun: **Jóhanna Hjaltadóttir**

MUNSTUR



Lykill

-  A 1425 + 1769
-  B 0001 + 0851
-  þrj 2 L sl saman
-  engin L